

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

Ísafjörður, 27. janúar 2021
2021010104

Efni: Umsögn skipulagsfulltrúa

Áform landeiganda að Hóli, Hvilftarströnd, um að taka lögbýli sem er eyðijörð aftur til ábúðar.

Þann 18. Janúar 2021 barst erindi til Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, þar sem óskað er eftir samþykki sveitarfélagsins um að taka lögbýli sem er eyðijörð aftur til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi. Lögbýlið er Hóll á Hvilftarströnd, Ísafirði, landnr. 141043, fastanr. 212-6295. Eigendur eru Birkir Þór Guðmundsson, kt. 220564-4449 og Kristín Björg Albertsdóttir, kt. 200863-7399.

Óskaði bæjarstjóri eftir umsögn skipulagsfulltrúa, sem lögð verður til grundvallar ákvarðanatöku Bæjarstjórnar í málinu.

Í Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008-2020 er jörðin Hóll á Hvilftarströnd þegar skilgreind sem landbúnaðarsvæði og fjalllendi þess skilgreint sem óbyggt svæði.

Hóll á Hvilftarströnd er á landbúnaðarsvæði utan hverfisverndar. Ákvæði um þannig svæði í aðalskipulagi að efla landbúnað sem atvinnugrein.

Ennfremur segir í kafla um atvinnuvegi að áhersla verði lögð á sjálfbæra ferðaþjónustu, þ.e. að mæta þörfum ferðamanna, landeigenda og annarra heimamanna en stuðla jafnframt að verndun náttúru og búsetuminja.

Eitt af markmiðum Aðalskipulagsins er að gott landbúnaðarland, sem er í góðum tengslum við innviði sveitarfélagsins, verði nýtt til landbúnaðar.

Helstu atvinnuvegir sveitarfélagsins eru sjávarútvegur, ferðaþjónusta og landbúnaður.

Telur undirrituð áform landeigenda falla vel að stefnu og markmiðum sveitarfélagsins í atvinnumálum, ferðaþjónustumálum, orkumálum og landbúnaði.

